



Fréttabréf heimsforeldra  
Sumar 2009

# HEIMSFÖRELDRAR SKIPTA SKÖPUM Í LÍFI BARNNA

# TAKK FYRIR HJÁLPINA!

## Kæra heimsforeldri,



Á árinu 2006 fór ungbarnadauði í heiminum í fyrsta sinn í sögunni niður fyrir 30 þúsund dauðsföll á dag. Þetta er merkilegur áfangi og svo sannarlega gleðilegt að tíðni ungbarnadauða hefur lækkað enn frekar á undanföllum tveimur árum. Það eru engu að síður rúmlega 25.000 börn undir fimm ára aldri sem enn láta lífið daglega, flest af völdum sjúkdóma sem koma má í veg fyrir með tiltölulega kostnaðarlitlum aðgerðum. Þessar skelfilegu tölur sýna okkur að verkefni framundan eru stór, en árangurinn sýnir okkur einnig

að þau eru ekki óyfirstigleg.

Mikilvægasta verkefni UNICEF er að koma í veg fyrir að börn láti lífið af viðráðanlegum orsökum. Við leggjum því mikla áherslu á að tryggja heilsu barna og koma í veg fyrir að þau líði hungur eða þorsta.

Um 50% af styrktarfé UNICEF er varið í bólusetningu, heilsugæslu, mæðravernd, hreinlæti, næringu og betra aðgengi að vatni.

Í þessu fréttabréfi segjum við fjórar sögur af slíkum verkefnum; eina frá Sómalíu, aðra frá Gíneu-Bissá, þá þriðju frá Míritaníu og loks þá fjórðu frá Pakistan. Í Pakistan ríkir nú mikil neyð vegna átaka í norðvesturhluta landsins. Hver og ein saga varpar ljósi á það mikilvæga starf sem UNICEF vinnur á hverjum degi og heimsforeldrar styrkja af svo mikilli rausn.

Sá stuðningur verður seint ofmetinn.

Stefán Ingi Stefánsson,  
framkvæmdastjóri UNICEF Ísland.

## LÁTTU OKKUR VITA UM BREYTINGAR

Mikilvægt er að þú látir okkur vita um breytt heimilisfang, síma, tölvupóstfang eða greiðslufyrirkomulag. Láttu okkur líka vita ef þú kýst heldur að fá fréttabréfið sent í tölvupósti en í gegnum póstlúguna heima. Við tökum við upplýsingum og svörum öllum fyrirspurnum í síma **562 6262** eða á [heimsforeldri@unicef.is](mailto:heimsforeldri@unicef.is).

## HÁTT Í SEX HUNDRUÐ NÝIR HEIMSFÖRELDRAR Í SUMAR

Frá því í júní hefur vaskur hópur ungmenna gengið skipulega í hverfi á höfuðborgarsvæðinu og boðið fólki að slást í hóp heimsforeldra. Hópnum hefur verið vel tekið hvar sem hann hefur borið niður og þökkum við almenningi kærlega fyrir jákvætt viðmót í okkar garð. Það sem af er sumri hafa hátt í sex hundruð nýir heimsforeldrar bæst í hópinn sem telur nú yfir fjórtán þúsund Íslendinga. Öllu þessu fólki þökkum við kærlega fyrir ómetanlegan stuðning.



Hér má sjá hluta af hópnum í Breiðholti.

## HLAUPIÐ TIL GÓÐS Í ÁGÚST



Nemendur á hlaupum á skólalóð Ndirande-skólans í Malaví. Uppbygging skólans var styrkt af UNICEF.

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fer fram 22. ágúst nk. Eins og undanfarin ár gefst þátttakendum tækifæri til að tengjast sérstöku góðgerðarfélagi á heimasíðu hlaupsins og hvetja svo fólk til að heita á sig. Áheitin renna til góðgerðarfélagisins. Á hverju ári hefur fjöldi fólks valið UNICEF sem sitt góðgerðarfélag og fengið vini og vandamenn til að heita á sig. Skiptir sá stuðningur miklu máli. Við hvetjum alla hlaupara í hópi heimsforeldra til að velja UNICEF sem sitt góðgerðarfélag.

Gangi ykkur vel!

## UNICEF-STYRKARSPJÖLD Á KAFFIHÚSUM TE & KAFFI



Nálgast má spjöldin í sérverslunum og á kaffihúsum Te & kaffi.

Viðskiptavinum Te & kaffi býðst nú að styrkja starfsemi UNICEF með því að kaupa sérstök styrktarspjöld í sérverslunum og á kaffihúsum fyrirtækisins. Spjöldin kosta ýmist 250 eða 500 krónur en fyrir síðarnefndu upphæðina getur UNICEF t.d. keypt stílabækur handa 13 börnum í Vestur-Afríku eða útvegað bóluefni gegn mislingum fyrir 24 börn. Er það von okkar að almenningur taki vel í þessa fjáröflunarleið.

## BÓLUSETT GEGN STÍFKRAMPA Í MÁRITANÍÚ

Þegar skólustjórinn tilkynnti að ljósmóðirin og sjálfboðaliðinn væru komin fengu hin fjórtán ára Lalla og nokkrar bekkjasystur hennar leyfi til að yfirgefa skólaföngun. Öfundsjúkir spurðu strákarnir hvers vegna þeir mættu ekki líka vera sprautaðir en kennarinn útskýrði að verið væri til að verja stelpurnar og börnin sem þær myndu kannski eignast í framtíðinni fyrir stífkrampa. Það er nefnilega mikil hættu á að máritanskar mæður og nýburar fái stífkrampa þegar óhrein áhöld eru notuð við fæðingar. Um 7% nýburadauða í heiminum má rekja til stífkrampa.

Bólusetningarherferðin er skipulögð af stjórnvöldum í Máritaníu, UNICEF og WHO ásamt fleirum. Markmiðið er að útrýma stífkrampa hjá mæðrum og nýburum í landinu. Heimsóknin í skólann þar sem Lalla stundar nám var þáttur í öðrum hluta herferðarinnar. Þetta var því í annað skiptið sem Lalla fékk bólusetningu gegn sjúkdómnum og því var hún ekki eins kvíðin og í fyrsta skiptið. Alls þurfa stúlkurnar að fá fimm skammta af bóluefninu. Herferðin náði til 233.000 stúlkna og kvenna. Þátttakan var mjög góð, m.a. vegna þess að árangur af bólusetningu gegn mislingum í landinu á undanförunum árum er orðinn mjög sýnilegur með verulegri fækkun mislingatífella.



Máritönsk stúlka fær bólusetningu við stífkrampa sem mun vernda hana og börn hennar í framtíðinni.

## VANNÆRÐUM BÖRNUM HJÁLPAÐ Í SÚÐAN

Við heilsugæslustöðina í bænum El-Berde í Sómalíu hafa UNICEF og samtökin *Læknar án landamæra* komið upp sérstakri aðstöðu til að hlúa að börnum sem þjást af lífshættulegri vannæringu. Snemma á morgnanna myndast langar raðir af mæðrum með börn sín fyrir utan skýlið. Starfsfólkið á í fullu fangi með að sinna öllum börnunum. Þau eru vigtuð, ummál upphandleggja þeirra er mælt og fram fer sérstök líkamsskoðun til að meta ásigkomulag þeirra og árangur meðferðar.

Fremst í röðinni er Dahaba með Ali, eins árs son sinn. Ali var upprunalega vísað hingað fyrir fáeinum mánuðum þegar í ljós kom að hann þjást af alvarlegri vannæringu. Dehaba segir að sonur sinn hafi þá verið aðframkominn af næringarskortu.

„Ali var svo veikur og máttlaus þegar ég kom hingað fyrst,“ rifjar hún upp. „Hann var mjög horaður. Ég hafði svo miklar áhyggjur af því að hann myndi ekki hafa þetta af. En honum líður mun betur núna og lítur meira að segja allt öðru vísi út. Starfsfólkið sagði mér áðan að eftir næstu viku þurfi hann ekki að koma aftur í skoðun.“

UNICEF styður um 200 næringarstöðvar eins og þessa í El-Berde. Samtökin stefna á að ná til yfir 50.000 alvarlegra vannærra barna á árinu 2009. Þar fá börn eins og Ali sérstakar næringarmáltíðir, A-vítamín og lyf.



© UNICEF/Nicholas Yserburg

Sómalskar mæður bíða með börn sín í röð. Börnin fá sérstaka næringarmáltíð sem ætluð er alvarlega vannærdum börnum.

## DREIFING MOSKÍTÓNETA Í GÍNEU-BISSÁ

Awa Gras þekkir frá fyrstu hendi hversu hættuleg malaría getur verið börnum í Gíneu-Bissá. Awa hefur fætt átta börn og hefur malarían tekið líf fjögurra þeirra. Síðast féll fjögurra ára sonur hennar í valinn, en hann kom heim lasinn eftir fótboltaleik einn daginn.

„Hann var með háan hita og kvartaði undan eymslum í líkamanum. Tveimur dögum síðar var hann dáinn,“ rifjar Awa sorgmædd upp. „Eins og systkini hans sem hafa dáið úr malaríu var hann ekki einu sinni orðinn fimm ára gamall.“

Til þess að koma í veg fyrir dauða fleiri barna sinna fór Awa með tveggja ára gamalli dóttur sinni, Mariama, til miðstöðvar þar sem UNICEF dreifði malaríunetum í þjóðarátaki gegn malaríu í Gíneu-Bissá. Börn undir fimm ára aldri fengu flugnanetin ókeypis auk þess sem moskítónetum var dreift til barnshafandi kvenna við mæðra- skoðun.

Fyrir Awa skipta úrræði sem þessi höfuðmáli fyrir fjölskyldu hennar. Hún mun sofa aðeins betur, vitandi að dóttir hennar sefur varin gegn einum aðaldánarvaldi barna í Afríku.

*Stúlka sefur undir neti sem ver hana gegn biti moskítóflugunnar og þar með fyrir malaríusmiti. Malaría er helsti dánarvaldur barna jafnt sem fullorðinna í Gíneu-Bissá.*



© UNICEF/Olivier Asselin

## Moskítóflugan hættulegasta dýr Afríku

Á 30 sekúndna fresti deyr barn af völdum malaríu einhversstaðar í heiminum. Notkun moskítóflugnaneta á nóttunni er skilvirkasta leiðin til þess að koma í veg fyrir malaríusmit og draga þannig úr barnadauða. UNICEF leggur því mikla áherslu á að dreifa moskítónetum til barnafjölskyldna og tryggja að fjölskyldan skilji mikilvægi þess að sofa undir netinu.

## BARNSHAFANDI FLÓTTAKONUR FÁ AÐHLYNNINGU Í PAKISTAN

„Ég á ekkert handa ófæddu barni mínu. Ég var búin að sauma svo mikið af fötum fyrir barnið mitt en ég gat ekki tekið þau með mér,“ segir Azra sem er komin níu mánuði á leið af þriðja barni sínu. Azra er stödd í mæðraskoðun í sérstöku heilsuseli sem UNICEF hefur ásamt samstarfsaðilum sínum komið upp í Sheikh Yasin-flóttamannabúðunum í Mardan í Pakistan.

Azra kom til Sheikh Yasin-búðanna ásamt eiginni sínum Farooq og tveimur ungum börnum þeirra fyrir nokkrum vikum, þá á flotta undan átökum stjórnarhers og uppreisnarmanna í Swat-dalnum. Azra og fjölskylda dvelja nú hér ásamt rúmlega tíu þúsund samlöndum sínum á flotta.

Azra er svo horuð að erfitt er að átta sig á að hún er komin á lokastig meðgöngunnar. Áföll og erfiði skína úr andliti hennar. Mestu áhyggjur hennar núna eru að hún muni ekki geta fætt barnið sitt við öruggar aðstæður.

### Um 400 barnshafandi konur í búðunum

Barnshafandi konur, nýbakaðar mæður og nýburar fá sérstaka aðhlyningu í heilsuselinu en UNICEF hefur komið upp fjórum slíkum í flóttamannabúðunum. Samkvæmt yfirmanni heilsuselanna, Neelum Jehangir, eru um 400 barnshafandi konur í búðunum.


„Flestar þessara kvenna hafa orðið fyrir miklum áföllum og



Nýfæddir tvíburar í spítalavöggum í flóttamannabúðum í Norðvestur-Pakistan. UNICEF veitir nú mörg hundruð flóttakönur nauðsynlega aðstoð fyrir, eftir og á meðan fæðingu stendur.

koma til búðanna í slæmu ástandi,“ segir Dr. Jehangir. „Við tryggjum að þær geti átt börn sín á öruggan hátt. Ef við veittum ekki þessa þjónustu gæti stór hluti mæðranna og barnanna hreinlega dáíð.“

## HEIMSFÖRELDRAR STÆRSTA STUÐNINGSNET UNICEF Á ÍSLANDI



Frá stofnun UNICEF á Íslandi árið 2004 hafa heimforeldrar verið hjartað í starfsemi. Fjárhagstuðningur heimforeldra hefur skipt sköpum fyrir líf mörg þúsund barna í fátækari löndum heimsins auk þess sem hið gríðarstóra stuðningsnet, sem nú telur yfir 14 þúsund manns, veitir samtökunum dýrmæta tengingu við

grasrót samfélagsins. Í maí síðastliðnum kom út ársskýrsla UNICEF á Íslandi fyrir árið 2008. Þar kemur fram að framlög íslenskra heimforeldrar námu rétt tæpum 166 milljónum eða um 60% af heildarstyrkjum ársins til UNICEF á Íslandi. Föst framlög eins og heimforeldrar greiða gera UNICEF auk þess kleift að skipuleggja starfsemi betur fram í tímann og tryggja að þróunaraðstoð okkar skili árangri til framtíðar.

## TÆP 50% Í VERKEFNI Á SVIÐI LÍFSAFKOMU OG ÞROSKA

Skífuritið hér að neðan sýnir hvernig útgjöld UNICEF skiptast eftir verkefnum. Eins og sjá má fer meirihluti af útgjöldum UNICEF í verkefni sem stuðla að lífsafkomu og þroska barna. Á árinu 2008 voru heildarútgjöld UNICEF um 3.081 milljón bandaríkjadala. Af þeim fóru aðeins tæp 3% í skrifstofukostnað og stjórnsýslu sem er nauðsynleg til að tryggja yfirsýn með verkefnum og opið bókhald.

